
Maí 2023

Mjölnir

Skólablað VMA





Við viljum þakka öllum þeim sem komu í viðtölin okkar bæði starfsmenn og nemendur. Einnig þökkum við öllum sem hjálpuðu okkur með skólablaðið. Við þökkum ljósmyndurunum sem eru hér fyrir neðan og Þórdunu og skrifstofunni fyrir að fara margar ferðir inn á kaffistofuna til að ná í kennara. Við þökkum starfsfólkinu sem hjálpuðu okkur að finna nemendur. Við þökkum einnig Daníel Frey Jónssyni fyrir að lesa yfir. Síðan þökkum við Árna Björnssyni fyrir að bjarga okkur úr mörgum tæknivandamálum. Við þökkum Kristjönu Pálsdóttur fyrir að styðja okkur með rannsóknina og fara yfir hana, einnig þökkum við Urði Maríu Sigurðardóttur með að lesa yfir rannsóknina. Hanna Þórey Guðmundsdóttir og Dagný Hulda Valbergsdóttir fá mikilar þakkir frá okkur fyrir með að hjálpa okkur með ýmislegt hvað varðar skólablaðið. Bæði Ásbjörg Benediktsdóttir og Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir fá þakkir frá okkur með að halda utan um blaðið. Við þökkum Hörpu Jörundardóttur og Ómari Kristinssyni fyrir að hjálpa okkur finna nemendur af ýmsum brautum einnig Hafdísi Bjarnadóttur. Að lokum þökkum við Snorra Björnssyni fyrir að koma blaðinu á stað þar sem hann var með upprunulegu hugmyndina að endurvekja það.

Þeir sem önnuðust ljósmyndirnar

Hilmar Friðjónsson

Árni Már Árnason

Steinunn Ósk Ólafsdóttir.

Alex Líf Kristinsson

Андрей Витковский

(Andrei Vitkouski)

Rudolf Helgi Kristinsson

Iðunn Eik Sverrisdóttir

Fanney Björg Elmarsdóttir

Rudolf Helgi Kristinsson er formaður og ritstjóri blaðsins. Sá um viðtöl, uppsetningu og könnunina.

Hafdís Inga Kristjánsdóttir sá um auglýsingarnar og fjármálin.

Fanney Björg Elmarsdóttir var í uppsetningu.


Iðunn Eik Sverrissdóttir var í uppsetningu, sá um viðtöl. og könnunina.

Guðmar Gísli Þrastarson sá um viðtöl og upptökur.

Lífið í VMA

Lífið í VMA er mjög fjölbreytt þar sem þetta er áfangaskóli það er að segja það er ekkert bekkjarkerfi og nemendahópurinn er blandaður af ýmsum brautum. Skólinn er bæði verklegur og bóklegur. Það eru verknámsbrautir og bóklegar brautir. Á bóklegu brautunum er hægt að öðlast stúdentspróf. Einnig er það hægt með verknámsbrautunum með að fara í viðbótarnám til stúdentspróf. Það er margt sem gerist í dagsdaglegu lífi þar sem það eru atburðir innan skólans sem eru skipulagðir af Þórduna, sem er yfirfélag VMA, eða af öðrum félögum innan skólans. Vegna þess að skólinn er stór þá getur maður kynnst mörgum og myndað vinfengi við marga. Vegna þess að skólinn er með stórann nemendahóp er hann fjölbreyttur og ýmislegt upp á að bjóða bæði hvað varðar áfanga og sveigjanleika í námi. Ekki einungis það heldur félagslíf, það hefur reyndar verið lítið undanfarna ár vegna kórónaveiruna en hefur farið upp leið á árinu og heldur áfram þá leið.





Æskunnar lærdómur á að vera ellinnar huggun.

Íslenskt

NAUTGRIPA HAKK

90% MINNA PLAST

LENGRA GEYMSLUÞOL

MINNI MATARSÓUN

KJARNAFÆÐI



Viðtal við Auði Ingu Ólafsdóttur um spænsku



Við spyrjum Auði hvernig er að kenna spænsku.

Hún segir að það sé gaman. „Það er bara æðislegt.“

„En hvernig myndir þú lýsa spænskunni í skólanum?“

„Ég er bara ein í þessu en ég er að reyna að gera þetta áhugavert og þannig að fólk geti líka notast við málið erlendis,“ segir Auður. „Ég er að reyna að hafa námið ekki bara akademískt heldur þannig að nemendur geti notað spænskuna á hagnýtan hátt. Ég er að reyna það eins og ég get en þetta er brjáluð vinna.“

Að lokum spyrjum við hvort hún vilji koma einhverju á framfæri til nemenda. Hún vill benda nemendum á að hlusta mikið á spænsk lög því þannig læri maður rosalega mikið. „Ekki bara að vera í skóla heldur að horfa á Netflix og gera eitthvað skemmtilegt með málið. Ekki bara að vera í bókum heldur að gera þetta skemmtilegt fyrir sjálfan sig líka.“

Viðtal við Annette J. de Vink um dönsku



„Annette, hvernig er að kenna dönsku í skólanum?“

„Bara mjög fínt,“ svarar hún. „Mér líður mjög vel hérna sem dönskukennari. Góður skóli, fallegt tungumál.“

Við spyrjum líka hvernig hún myndi lýsa dönskukennslunni?

Annette segir að kennslan hafi breyst. „Það er meðal annars meiri áhersla á málfræði heldur en þegar ég byrjaði að kenna dönsku fyrir um 30 árum síðan,“ segir hún. „Kannski er það vegna þess að nemendur koma ekki eins vel undirbúnir úr grunnskóla. Maður hefði kannski viljað láta nemendur lesa meira, til dæmis skáldsögur og svona.“

„Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri til nemenda um dönskuna?“

„Danska er frekar auðvelt tungumál,“ segir hún. „Það er mikilvægt að læra dönsku eða skandinavísku til þess að hafa aðgang að þessum flottu háskólum og lýðháskólum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.“

Enginn nær aftur umliðnum tíma.

VMA Þingið













Viðtal við Wolfgang Frosta Shar um þýsku



„Hvernig er að kenna þýsku?“

Wolfgang segir að það sé skemmtilegt að kenna tungumál. „Það er það sem ég hef alltaf haft áhuga á. Mér finnst til dæmis gaman að bera tungumál saman. Mér finnst það hjálpa fólki að skoða hvað er líkt með íslensku og þýsku og bera það jafnvel saman við ensku. Ég hef mikinn áhuga á því og finnst gaman að uppgötva stöðugt eitthvað nýtt.“

Við biðjum hann um að lýsa þýskukennslunni.

„Í þýsku erum við búin að skipta yfir í námsefni sem er mestmegnis á netinu og er fólgið í því að við erum að skoða myndskeið um ákveðin viðfangsefni og leysa síðan vefæfingar sem tengjast því,“ segir hann. „Síðan koma verkefni í vinnuhefti ásamt málfræðiútskýringum og orðaforða. Stundum eru Moodle verkefni sem heimaverkefni. Þar sem það er ekki hægt að læra nýtt tungumál á þrisvar sinnum 70 mínútum á viku í skóla eingöngu.“ Wolfgang bætir við að það þurfi einnig að leggja eitthvað á sig heima til þess að festa þekkinguna.

Við spyrjum líka hvort hann vildi koma einhverju á framfæri til nemenda.

Hann segir að þýskan sé mjög gagnlegt tungumál. „Það er næst mikilvægasta Evróputungumálið á eftir enskunni. Afar margir tala ensku en það er alls ekki þannig að allir tali ensku, sérstaklega ekki ef hugsað er um viðskiptatengsl og fræðiheiminn. Í vísindasamfélaginu er þýska býsna mikilvægt tungumál. Mikil rannsóknar- og þróunarvinna fer fram í Þýskalandi sem hefur vægi á alheimsmælikvarða. Mjög mikill hluti peninganna sem fara í Evrópusamstarf koma frá Þýskalandi og Frakklandi, þannig að það er kostur að geta tjáð sig á þýsku.“

Viðtal við Margréti Rún Stefánsdóttur um listnámsbraut



„Hvernig er að vera á brautinni?“

„Bara geggjað.“

„Hvernig er brautin?“

„Mjög fræðileg og fólk lærir margt nýtt og allskonar.“

„Eitthvað sem þú vilt bæta við?“

„Nei.“

Mennirnir líta á útlitið en Drottinn lítur á hjartað.



Dimission 2023













Dimission

Miðvikudaginn 19. apríl var dimission. Þá voru allir útskriftarnemendur að dimitera, bæði þau sem útskrifast núna á vorönn og líka þau sem útskrifast um jólin. Eins og vanalega var mikið stuð og jafn vel meira stuð en undanfarin ári þar sem takmarkanir vegna kórónaveirunnar hafa minnkað. Dimission byrjaði eins og vanalega rétt upp úr sex með því að nemendur hittust saman í skólanum. Forvarnarfulltrúi og aðstoðarskólameistari tóku á móti þeim. Því næst var farið til að vekja kennara með tónlist og ýmsum öðrum aðferðum.

Þegar aftur var komið í skólann fóru útskriftarnemendur að rugla í skólastofum, meðal annars með því að færa til borð og stóla. Þegar fyrsti tíminn byrjaði klukkan 8:30 var farið í kennslustundir og spiluð tónlist til að trufla tíma og nammi og smokkum kastað inn í stofur.



Eftir það komu allir útskriftarnemar saman í Gryfjunni og margir kennarar slógust einnig í hópinn. Þar var farið í leiki og fleira gert sér til skemmtunar. Meðal annars var farið í leikinn Just Dance, limbo, reipitog, stóladansinn með bundið fyrir augun, kappát, boðhlaup og að sjálfssögðu var farið í sjómann en það er orðið að hefð. Að lokum var samsöngur og farið í stóran hring. Þessu næst var nemendum boðið inn á kennarastofu þar sem boðið var upp á köku og kakó. Sumir nemendur kusu að borða inni meðan aðrir fóru út að njóta góða veðursins. Þar með lauk formlegu dagskránni sem skólinn heldur utan um og nemendur fóru sínar eigin leiðir.



Ákveðið var að halda ratleik þar sem hver braut skipaði eitt lið. Gefin voru stig og ýmislegt þurfti að gera til að fá stig og einnig þurfti að setja staðfestingu á Instagram til að fá stigin. Eftir spennandi keppni fór það þannig að íþrótta- og lýðheilsubraut sigraði ratleikinn. Um kvöldið var hittingur á Dátanum hjá þeim sem vildu mæta og komust en þar var bar og tónlist. Fyrir þau sem ekki vita má taka fram að Dátinn er salur í Sjallanum.

Félags- og hugvísindabraut og sjúkraliðabraut voru kúrekar

Viðskipta- og hagfræðibraut var í svörtum fötum með tíuþúsund kalla

Byggingardeild var Super Mario

Vélvirkjun var Ingimar í svörtum buxum og köflóttum skyrtum með penna

Rafvirkjun var Ghostbusters

Málmiðn var í sóttvarnarbúningur

Íþrótta- og lýðheilsubraut var hermenn

Hársnyrtiiðn var fangar

Listnámsbraut var Kiss



















Krókurinn (nafnlaus saga frá nemanda)

Og skyndilega einn daginn vaknarðu og þú veist að núna er tíminn kominn. Þetta er búið. Þetta er síðasti dagurinn þinn. Þú starir upp í loftið í herberginu þínu, liggjandi kylliflatur í rúminu. Ekki alveg viss hvort sáttin sé komin að fullu þó svo að vissan sé það. Fyrir ofan þig er krókurinn, hangandi í loftinu. Áður fyrr hékk páfagaukabúr í keðju á honum en það er töluverður tími liðinn frá því að það var.

Þú veist ekki alveg hvað það er sem þú vilt gera þennan daginn. Þennan síðasta dag. Þú þarft að redda þér reipi, það er víst. Krókurinn bíður tilbúinn eftir því að eitthvað nýtt hangi á honum. Hann mun halda.

Svo skyndilega færðu hugmynd. Ef þetta er allt búið, hvers vegna þá ekki að klára peningana fyrst? Allir þessir peningar sem þú hefur stritað og erfiðað fyrir. Varla á það að vera til einskis. Þennan síðasta dag skaltu nota til þess að eyða peningunum þínum.

Þú ferð á fætur, klæðir þig, borðar jógúrt í morgunmat og tannburstar þig. Á meðan þú horfir á þig í barðherbergisspeglinum með froðuna uppi í þér veltir þú því fyrir þér í hvað þú skulir eyða peningunum. Þetta er talsverð summa eftir allt saman. Þér dettur ýmislegt í hug, mis gáfulegt og mis löglegt. Eiturlyf, áfengi, vopn. Eða bara eitthvað fáránlegt eins og eyðibýli í Egyptalandi. Það væri örugglega hægt að redda einhverju svoleiðis á netinu. Kannski kynlífsdúkku?

En án þess að vita raunverulega af hverju þá seturðu húfu á höfuðið, rennir upp úlpunni og gengur út. Þú veist ekki alveg hvað það er sem þú ert að leita að. Niðurstaðan heima var að kaupa reipið og svo kannski einhvers konar eiturlyf en samt gengurðu út. Áður en þú veist af ertu kominn niður í bæ, vitandi að það verði erfitt að finna einhvers konar eiturlyf þarna án þess að hafa samband við einhvern fyrst á netinu. Eða hafa einhver tengsl. En þú hefur engin tengsl.
Vaninn er sterkur því áður en þú veist af ertu kominn í Eymundsson, einu búðina sem þú hefur nokkurn tímann þorað að fara inn í hérna í miðbænum. Þú gengur inn, litast um og finnur kunnuglega lyktina. Og án þess að hugsa þig frekar um gengurðu lengra inn. Áður en þú veist af ertu kominn með fangið fullt. Þú grípur vatnslitasett, nokkra pensla, bók um forn-Egypta, tarot spil, eina Rammstein-plötu, einhvern bækling um Vestfirði fyrir túrista og eina bók eftir þunglyndan Rússa. Síðan hrúgarðu þessu á borðið og afgreiðslustúlkan horfir á þig í smá stund áður en hún byrjar að skanna vörurnar inn.

Upphæðin hækkar hratt og nálgast sjötíu þúsund. Í einni hillunni við hlið afgreiðsluborðsins eru nokkrir Ópal pakkar og án þess að vita af hverju ákveður þú að sópa þeim öllum á borðið. Stúlkan hikar en skannar svo einn þeirra inn og slær inn í tölvuna sinnum tíu. Þú færð hvítan plastpoka utan um vörurnar.

Þú gengur út með plastpokann í annarri hendi og tóman ópalpakka í hinni eftir að hafa hrúgað öllu innihaldi hans upp í þig í einu. Það er ekki fyrr en þú byrjar að tyggja með erfiðismunum
sem þú áttar þig á því hvað þú hefur gert. Þú keyptir bækur en það mun taka tíma að lesa þær. Og þú keyptir þær ekki bara af því bara. Þú keyptir þær því þú vildir eiga þær og lesa.

Þú gengur hægt upp eftir í íbúðina þína, með ópalbragðið í munninum. Ekki alveg viss hvað þú hefur gert. Það tekur tíma að læra á tarot spil. Og þig langar til þess að sjá Vestfirði.

Tveimur tímum seinna siturðu í eldhúsinu heima hjá þér. Þú hlustar á Rammstein plötuna í annað skiptið í röð, tyggur ópal og vatnslitasettið þitt er strax orðið heldur subbulegt af notkun. Og þú veltir því fyrir þér, að kannski, kannski eftir allt saman, eigir þú að taka krókinn niður.

Betra er að þegja yfir sínum dyggðum en hrósa sér af þeim.

Viðtal við Ásbjörgu Benediktsdóttur um íslensku



„Hvernig er að kenna í skólanum?“

„Það er yfirleitt mjög gaman að kenna í skólanum,“ segir Ásbjörg og bætir við að unglingar séu skemmtilegt fólk.


Við spyrjum hvernig hún myndi lýsa íslenskunni í skólanum.

„Íslenskuáfangarnir í VMA eru jafnfjölbreyttir og þeir eru margir og allir nemendur ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, ekki síst þegar komið er upp á 3. þrep,“ svarar hún og bendir á að nemendur geti valið milli átta áfanga, til dæmis þjóðfræði, ýmissa bókmenntaáfanga, félagslegra málvísinda og kvikmyndafræði.

„Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri til nemenda?“

Ásbjörg hvetur nemendur til að leggja sig fram við námið og velja sér áfanga út frá áhugasviði þar sem það er hægt en ekki vegna þess að þeir telji að áfanginn sé léttari en einhver annar. „Það er hins vegar ekki síður mikilvægt að taka þátt í félagslífinu, eignast nýja vini og njóta framhaldsskólaáranna,“ bendir hún á.

Viðtal við Björk Vignisdóttur um fjölgreinabraut



„Hvernig er að vera á fjölgreinabraut Björk?“

Hún segir að sér finnist það bara mjög fjölbreytt. „Mér finnst að ég geti lært allt sem mig langar að læra, allt sem ég hef áhuga á og allt sem ég hef alltaf elskað, félagsfræði, listir og líka sögu og bara allt sem ég vil.“

Við biðjum hana að lýsa brautinni fyrir okkur.

„Þetta er fjölbreytt en líka bara fróðlegt,“ segir Björk. „Ef það er eitthvað eitt sérstakt sem ég hef lært þá er það að vera ég sjálf í staðinn fyrir að fara bara eftir einni braut. Fjölgreinabraut er mjög hentug fyrir fólk sem veit ekki alveg hvað það vill gera.“

„Hefur þú einhver skilaboð til nemenda?“

„Ef þið ætlið á fjölgreina takið líka einhverja verklega áfanga, út af því að brautin getur verið svolítið þreytandi, sérstaklega ef þið voruð í einhverju sem var aðallega verknám. Ekki vera bara í bóklegu. Ég mæli með að bæta líka einhverju verknámi við.“

Oft er dulur undir dökkum feldi.

Vorhlaup VMA 2023









Viðtal við Iain Peter-Matchett um ensku



Við spyrjum Iain hvernig honum þykir að kenna ensku.

„Þetta er fínt," svarar hann.


„En hvernig myndir þú lýsa enskukennslunni?"

„Við erum að kenna ensku sem útlenskt tungumál en mér finnst stundum eins og það hafi þróast þannig að enskan sé nánast orðin að öðru tungumáli á Íslandi," segir Iain og að það gæti þurft að hugsa aftur hvernig eigi að kenna ensku af því að nemendur komi í skólann með fimm til sex ára enskunám að baki úr grunnskólanum. „Nemendur hafa líka verið að hlusta og horfa á ensku allt sitt líf."

Við vildum vita hvort hann vildi koma einhverju á framfæri til nemanda.

„Fyrir mig er mjög gott að krakkarnir nota meira ensku í tímum. Þau eru þögul og feimin að nota enskuna" útskýrir hann. „Síðan þegar að tímarnir eru búnir og að ég kem hérna í Gryfjuna heyri ég krakkana tala ensku reiprennandi þá segi ég hvað er í gangi? Ekki fara feimin að nota enskuna í tímum". Síðan bætir hann við að ekki hugsa að þú ert búinn að ná tungumálinu heldur þarf meira en bara að kunna að tala, það þarf að byggja upp orðaforða, þekkingu og skilning með að lesa og reyna að nota tækifærið til að tala ensku með öðrum sem eru kannski ekki Íslendingar.

Viðtal við Hallgrím Stefán Ingólfsson um listnámsbraut



„Hallgrímur, hvernig er að kenna á listnámsbraut?"

„Það er bara skemmtilegt," segir Hallgrímur. „Það eru yfirleitt svo skemmtilegir nemendur."

Við spyrjum líka hvernig hann myndi lýsa brautinni.

Hann horfir undarlega á okkur og segir: „Þetta er listnámsbraut," og bætir svo við: „Það er bara alhliða listnám til að fá nasasjón af ýmsu."

„Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri til nemenda?"


„Haldið áfram að vera svona yndisleg."

Aldrei er góð vísa of oft kveðin.

Opnun á lokaverkefnissýningu nemanda á listnámsbraut á Listasafninu á Akureyri



























Mímir, Svanhvít Sara Stefánsdóttir talaði fyrir hönd Mímis



Við hittum Svanhvíti og báðum hana um að segja okkur frá Mími. „Mímir er nemendafélag félags- og hugvísindabrautar," fræddi hún okkur. „Við skipuleggjum viðburði eins og Valentínusarkvöld og páskakvöld þar sem við komum saman og gerum allskonar skemmtilegt. Við höfum haldið spilakvöld, farið á hraðstefnumót, í eggjaboðhlaup og slegið köttinn úr tunnunni. Við bjóðum einnig upp á veitingar og drykki fyrir þau sem vilja."

Hún sagði að þau í Mími vildu gjarnan sjá fleira fólk taka þátt í félagslífinu. „Við myndum vilja fá fleiri til þess að koma á viðburðina sem við höfum verið að halda. Markmiðið okkar er að byggja upp félagslífið eftir Covid og að koma fólki saman svo það geti kynnst."

„Við viljum að fólk viti að það er val að koma á viðburðina okkar," tekur Svanhvít fram, „en að sjálfsögðu hvetjum við öll til þess að mæta og hafa gaman með öðrum nemendum félags- og hugvísindabrautar." Það er að sjálfsögðu ókeypis inn á alla viðburði sem Mímir heldur. „Við viljum bara að allir njóti sín og að allir sem mæti taki þátt í því sem við höfum undirbúið."

Viðtal við Gunnar Möller um vélstjórn



„Hvernig er að kenna á brautinni?"

„Mjög skemmtilegt."

„Hvernig myndir þú lýsa brautinni?"

„Hún er mjög krefjandi og alveg gríðarlega skemmtileg."

„Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri til nemenda?"

„Bara að hegða sér almennilega almennt þá verða allir ánægðir."



Auðveldara er að fyrirgefa óvinum sínum en vinum.

Nýnemaferð á Hólavatni

árið 2022




















Klessta andlitið (nafnlaus saga frá nemanda)

Það var kona sem hét Pálína Gunnarsdóttir en hún var ein í bíl sem fór yfir á rauðu ljósi á gatnamótunum. Það var stór rauður trukkur sem keyrði á hliðina á bílinn hennar. Stuttu seinna seinna kemst það í ljós að andlitið klesstist allt en læknarnir gátu ekki lagað andlitið, það var of hættulegt að gera aðgerðina og Pálína þurfti að lifa með klesst andlit til eilífar. Alltaf þegar hún fór í vinnuna, búðina og matarboð var hlegið að henni og meira að segja hlógu heilbrigðis starfsmennirnir af henni og gerðu grín af útliti Pálínu. Meira að segja maður hennar heimtaði skilnað út af því hún var svo ljót. Hann elskaði útlitið meira en persónuna. Foreldrar Pálínu skömmuðust sín fyrir hana vegna þess að allir störðu á Pálínu eða horfðu til hliðar. Hún þoldi ekki þessa streitu svo að hún fór til sálfræðings. Sálfræðingurinn gat aldrei horft á andlitið hennar vegna þess að sálfræðingurinn fannst óþægilegt að horfa á andlitið. Pálína vildi ekki halda áfram að tala við hann. Hún reyndi að fara í lýtaaðgerð en allir læknarnir sögðust ekki geta það vegna hættu eða vildu mikinn pening. Pálína hafði ekki efn á því og enginn vildi styrkja hana fyrir því vegna þess að allir furðuðu sér burt frá henni þegar þeir sáu andlitið hennar. Þess vegna ákvað Pálína að fremja sjálfsmorð. Hún gleymdi fullt af töflum og lést af þeim. Enginn vildi koma á jarðarförina hennar vegna þess að útlitið skipti meira máli en persónuleikinn.





Nemar í blikksmíði

Hefur þú áhuga á handverki ?

Blikksmíði er skemmtilegt og þrifalegt starf sem hentar öllum.

Blikkrás er að leita að áhugasömu fólki sem vill komast á námssamning í blikksmíði.

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Valgeirsson rekstrarstjóri Blikkrás í síma 863 4003 eða senda fyrirspurn á netfangið johannes@blikkras.is

BLIKKRÁS EHF
Óseyri 16 603 Akureyri

Heimskingjarnir heyra margt en herma skakkt.

Viðtal við Hildi Báru Fossberg um félags- og hugvísindabraut



„Hvernig er að vera á brautinni Hildur?“

„Mér finnst bara æði að vera á brautinni,“ segir Hildur. „Hún er fjölbreytt, alltaf eitthvað að gerast og vel haldið utan um áfangana. Það er gaman að kynnast fólki með sömu hugsanir og sömu pælingar og þú til heimsins og allt það. Ég mæli mjög mikið með þessari braut ef þið hafið áhuga á félagsvísindum og hugvísindum. Endilega skráið ykkur á brautina. Þið sjáið ekki eftir því.“

Við spyrjum Hildi hvernig hún myndi lýsa brautinni.

„Hún er mjög fjölbreytt. Það er allskonar fólk þarna,“ svaraði hún. „Það þarf ekki endilega að hafa áhuga á öllu heldur er þetta góður grunnur fyrir sálfræðina og eiginlega allt sem tengist einhverju þannig og mjög skemmtileg braut og kennararnir eru það líka. Það er ástæðan fyrir að hún er svo æðisleg.“

„Viltu bæta einhverju við?“

„Já, ef þú kemur á brautina þá held ég að þú munir njóta hennar. Það er líka svo mikil hjálp frá kennurunum. Það er enginn, eins og í sumum skólum, með uppáhalds nemanda og ég mæli með þessari skemmtilegu braut.“

Viðtal við Marínu Sigurgeirsdóttur um matvælabraut



„Hvernig er að kenna á matvælabraut?“

„Það er frábært.“

Við spyrjum hvernig Marín myndi lýsa brautinni.

„Á matvælabrautinni er fyrsta ár þverfaglegt fyrir allar matvælagreinarnar og svo 2. og 3. bekkur fyrir matreiðslu og framreiðslu,“ útskýrir hún. „Einnig erum við með valáfanga fyrir 9. og 10. bekk í grunnskólunum og matreiðsluáfanga fyrir starfsbraut.“

Að lokum spyrjum við hverju hún vill koma á framfæri við nemendur.

„Ef þú veist ekki hvað þú ætlar að gera og ert eitthvað að vandræðast með það, komdu þá á matvælabraut í einn vetur,“ segir hún. „Það er frábært fyrir lífið og stendur með þér alltaf.“

Mungát semur manna vit.

Hér eru nokkrir viðburðir á skólaárinu sem eru mótmælin gagnvart kynbundnu ofbeldi, Góðan daginn faggi og fyrirlestur Sólbjargar og Þorsteinnar.















Viðtal við Arnstein Inga Jóhannesson um starfsbraut



Við byrjum á að spyrja Arnstein hvernig er að kenna á brautinni.

„Það er æðislegt og mjög fjölbreytt. Við kennum margar mismunandi námsgreinar og nemendur eru hressir og skemmtilegir. Það er ekki mikið af vandamálum og oftast allir kátir," svarar Arnsteinn og bætir við að lykillinn að starfsánægju séu frábærir samstarfsmenn.

„Hvernig myndir þú lýsa brautinni?"

Hann segir að hún hafi fjölbreytta áfanga og töluvert val fyrir nemendur.

„Hérna erum við að undirbúa nemendur sem hafa af einhverjum ástæðum ekki náð að komast inn á stúdentsbrautir eða verknámsbrautir og þurfa á betri undirbúningi að halda til að komast inn á brautir," og bætir við að líka séu nemendur á brautinni sem stefna ekki inn á aðrar brautir en vilji efla sig og leggja grunn að framtíðinni. „Við undirbúum þessa nemendur fyrir vinnumarkaðinn með allskonar fræðslu og námi á fjölbreyttum vinnustöðum. Við erum með færri í tímum hjá okkur en á öðrum brautum svo við getum sinnt nemendum vel og miðað námið betur að þörfum hvers einstaklings."

Við spyrjum Arnstein líka hvort hann vilji bæta einhverju við um brautina.

„Það er mjög gaman að sjá hvað margir nemendur þroskast hratt og finna sig. Sumir nemendur koma inn með lítið sjálfstraust og svolítið týndir í því hvað þeir vilja gera og hverjir þeir eru en hérna eflast þau og finna styrkleika sína."

Viðtal við Ísak Óla Bernharðsson um byggingarbraut



„Hvernig er að vera á brautinni?"

„Það er bara geggjað næs."

„Hvernig er brautin?"

„Skemmtileg, allavegana allt sem tengist smíðunum."

„Viltu bæta einhverju við?"

„Nei."

Engin er rós án þyrna.

Viðtal við Þorsteinn Krüger um félags- og hugvísindabraut



„Þorsteinn, hvernig er að kenna á brautinni?“

„Erfitt en gaman.“

„Hvernig myndir þú lýsa brautinni?“

„Hún er fjölbreytt og skemmtileg en mætti vera meiri saga.“

„Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri til nemenda?“

„Mjög skemmtileg og auðvitað eru bestu kennararnir að kenna á þessari braut.“

Viðtal við Kötu Harðardóttur

um viðskipta- og hagfræðibraut



Við spyrjum hvernig henni þykir að kenna á brautinni.

„Það er svo gaman að vera á brautinni,“ segir hún.

„Ég er búin að vera meira en helming ævi minnar þar.“

„Hvernig myndir þú lýsa brautinni?“

Hún segir að þessi braut sé bara frábær undirbúningur fyrir lífið sjálft hvort sem þú ætlar að geta haldið gott heimili með góðu heimilisbókhaldi eða stunda eigin rekstur eða fara í háskólanám í einhverju viðskiptatengdu. „Þetta er rosalega flottur undirbúningur fyrir það.“

Að lokum spyrjum við hvort hún vilji koma einhverju á framfæri til nemenda.

„Bara að brautin er ótrúlega skemmtileg, gaman að vera á henni, skemmtilegt fólk, skemmtileg fög og skemmtilegir nemendur.“



Illt er þeim að kenna sem ekki vill læra.

Einfalt
að velja
hollara

ENGIN SKEIÐ
-ekkert vesen



Hentugt millimál
Ísey skyr í hentugum umbúðum til að grípa með sér á ferðinni, eftir æfingu eða sem nesti fyrir fólk á öllum aldri.

LAKTÓSA LAUST

Iseyskyr.is

Viðtal við Hermann Jón Tómasson um stærðfræði



„Hvernig er að kenna stærðfræði Hermann?“

Hermann hugsar sig um í svolitla stund en segir svo: „Það er nú eiginlega allavega. Stundum er það gaman en það getur líka verið krefjandi. Það getur verið auðvelt og gaman að kenna nemendum þegar þeir hafa áhuga á efninu, skilja og átta sig á því hvað maður er að segja og meðtaka efnið. En það getur líka verið erfitt þegar maður finnur að nemendur hafa ekki áhuga og eiga erfitt með að ná vald á því sem er verið að tala um.“

Þá spyrjum við hvernig hann myndi lýsa stærðfræðikennslunni.

„Þetta er nokkuð hefðbundinn stærðfræði. Það er mikil tímakennsla þar sem kennarar og nemendur eru saman, kennarinn að útskýra fyrir nemendum og nemendur síðan að vinna með námsefnið til að reyna að ná valdi á því,“ svarar hann.

„Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri til nemenda?“

„Það er mikilvægast að hafa gaman af því sem þið eruð að gera,“ segir Hermann og bætir við að fólk hafi mest gaman af því þegar það finnur að það sé að ná árangri. „Maður nær árangri ef maður leggur sig fram og vinnur.“

Viðtal við Margréti Eddu Friðgeirsdóttur um listnámsbraut



„Hvernig finnst þér að vera á brautinni?“

„Það er ógeðslega skemmtilegt,“ svarar hún, „en er svolítið eins og að vera í leikskóla með öðrum á framhaldsskólaaldri. Þannig að ég mæli mjög mikið með því.“

Við spyrjum hvernig henni finnist brautin.

„Þetta er mjög skapandi,“ segir hún. „Þú átt eiginlega alltaf að vera að skapa eitthvað nema þegar þú ert í bóklegum tímum. Þetta er mjög frjálslegt.“

Margrét vill engu bæta við að lokum.



Sjaldan er ein bára stök.

Nemendur VMA taka þátt í erlendum samstarfsverkefnum







Viðtal við Kormák Rögnvaldsson um hársnyrtiiðn

Við spyrjum Kormák um hvernig sé að vera í hársnyrtiiðn.

„Mér finnst það mjög skemmtilegt," svarar hann. „Það er mjög fjölbreytt nám. Það er hægt að vinna að því hvar sem er í heiminum."

Við viljum líka vita hvernig hann myndi lýsa brautinni.

Kormákur segir að það sé mikið af prófum vegna að námið er með símati. „Það er samt mjög skemmtilegt, aðallega verklegt og mjög fáir bóklegir áfangar." Hann segir að það sé einn bóklegur áfangi í íslensku og annar í ensku en enginn í dönsku. „Þetta er aðallega verklegt."

Við spyrjum hvort hann vilji bæta einhverju við.

„Já, maður þarf ekki neitt meira nám en þessi þrjú ár til að komast á samning. Eftir það ertu góður, þú þarft ekki neitt háskólanám eða annað eftir það, getur labbað beint inn á stofu og þarft ekki meistarann á neinum tímapunkti. Þú getur fengið hann eftir svona fimm á, ef þig langar í eitthvað meira samt."





Giftingar ganga fyrir skildaga.

Viðtal við Svanlaug Jónasson um náttúruvísindabraut



Við spyrjum Svanlaug hvernig er að kenna á brautinni.

„Það er mjög gaman," segir hann en viðurkennir að hann kenni ekki mikið á brautinni. „Ég kenni jarðfræði. Það er eiginlega eina fagið sem ég er með þar svo er ég að kenna náttúrulæsi, landafræði og fleira á öðrum brautum þannig að þetta er fjölbreytt og mjög skemmtilegt."


„Hvernig myndirðu lýsa brautinni?"

„Hún er góður grunnur fyrir margt og þá sérstaklega þar sem þú þarfnast stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og sambærilegra greina fyrir áframhaldandi nám," svarar hann og segir að hún opni fyrir marga möguleika varðandi framtíðina.

Við viljum líka vita hvort hann vilji koma einhverju á framfæri til nemenda.

„Endilega komið á náttúruvísindabrautina. Þar er fjör, þar er stuð og þar er líka nóg pláss. Það eru ekkert of margir nemendur hjá okkur og við viljum endilega fá fleiri!"

Viðtal við Önnu Jóhannesdóttur um sérnámsbraut



Við spyrjum Önnu hvernig er að kenna á brautinni.

„Algjörlega frábært og mjög skemmtilegt," svarar hún.

Við spyrjum líka hvernig hún myndi lýsa brautinni.


Hún segir að hún sé fjölbreytt og að það sé alltaf eitthvað nýtt að gerast.

„Enginn dagur eins."

En vill hún koma einhverju á framfæri til nemenda.

„Þetta er ótrúlega fjölbreytt og skemmtilegt og bara hæfileikaríkir krakkar á brautinni," segir Anna að lokum.

Seint er að byrgja brunninn þá barnið er dottið.





Guarana
Ginseng
Grænt te

LYFTIR DEGINUM Á HÆRRA PLAN!

VEGAN

Glæný viðbót í Opal línuna – saltlakkrís með Guarana, Ginsengi og Grænu tei.
Opal G+, lyftir deginum á hærra plan!

NÓI SÍRÍUS

Við tókum viðtal við Elías Þór Sigurðsson um starfsnámið í Frakklandi sem hann fékk í gegnum Erasmus styrkinn.



Við viljum vita hvernig upplifunin hans á dvölinni í Frakklandi.

„Upplifun mín í Frakklandi hefur verið góð, það er vinalegt fólk, skemmtileg stemning og æðisleg vín“ svarar hann.

Svo viljum við vita hvernig hann myndi lýsa starfinu og allt sem tengist því.

Hann segir að það sé einfalt í sér. „En það kemur nú inn tungumáls munurinn og það er það sem gerir þetta erfitt en þar á móti mjög lærdómsríkt“.

Við spyrjum hann hvað honum finnst skrítið eða hvort það kom honum eitthvað á óvart eða um eitthvað skemmtilegt sem gerðist.

„Það hefur mikið komið mér á óvart“ byrjar hann. „Meðal annars er það fullkomlega eðlilegt að reykja í eigin húsi og að drekka daglega, það er ekkert eðlilegra en að bjóða manni bjór klukkan þrjú á mánudegi“.

Við viljum vita hvað hann hefur lært af þessu.

„Ég hef fengið dýpri skilning á sjálfum mér og tel mig vera þeim mun sjálfstæðari eftir þetta“ svarar Elías. „Einnig hef ég áttað mig á því hversu miklu máli fólkið mitt heima skiptir mig máli“.

Að lokum spyrjum við hann hvort hann vilji koma einhverju á framfæri.

Elías segir okkur frá því að maturinn er ekki eins góður og sögur segja. Hins vegar er þetta samt sem áður ógleymanleg ferð fyrir hann. „Ég er einstaklega þakklátur fyrir fólkinu hér í Frakklandi. Ég sé fram á það að ég heilsi upp á þau einhvern tímann á næstu árum“



Adam var ekki lengi í paradís.

Hér eru myndir sem Elías sendi okkur úr dvölinni hans.









Viðtal við Hönnu Þórey Guðmundsdóttur um bókasafnið



Við spyrjum Hönnu hvað er gert á bókasafninu og hvaða aðstoð er í boði.

„Okkar hlutverk er að aðstoða og þjónusta nemendur og kennara,“ segir Hanna. „Dagsdaglega lánum við út mikið af allskonar tólum og tækjum eins og fartölvum, hleðslutækjum, heyrnartólum, reiknivélum og teikniborðum og slíku.

Við erum líka að aðstoða nemendur með heimildaleit ef þeir eru að gera ritgerðir,“ bendir hún á og vill endilega koma því á framfæri að þau geti líka hjálpað nemendum að finna áreiðanlegar heimildir og að meta hvort heimildir séu áreiðanlegar eða ekki. „Auðvitað lánum við svo út bækur og hjálpum nemendum að finna réttu bækurnar. Við erum líka með starfandi ritver og aðstoðum nemendur við verkefna- og ritgerðaskrif, að setja upp ritgerðir og jafnvel lesum yfir ef einhver þarf að láta lesa yfir hjá sér,“ segir Hanna og bætir við: „Við hjálpum líka með heimildaskrár.“

„Hvernig er nýtingin á bókasafninu?“

Hanna segir að hún sé mjög góð en það sé alltaf þannig á bókasöfnum í framhaldsskólum að ákveðinn kjarni geri safnið pínulítið að heimili sínu. „Það er voða mikið sömu krakkarnir sem sitja hérna svo eru það kannski aðrir krakkar sem koma bara til að fá eitthvað lánað,“ segir hún. „Við erum farnar að þekkja suma sem finnst greinilega notalegt að vera hérna hvort sem það er í eyðum, til að slappa af eða til að sinna heimanáminu eða verkefna- og hópavinnu. Ég myndi segja að nýtingin væri mjög góð sem er afar jákvætt.“

Við viljum gjarnan vita hvort eitthvað hafi breyst á bókasafninu eftir covid.

„Ég byrjaði hérna 2019,“ segir Hanna. „Þannig að ég hef ekki mjög langa reynslu fyrir covid en ég var mjög stressuð um að bókasafnið yrði bara óþarft eftir covid, að allir kennarar myndu fara að hafa ritgerðarvinnu þannig að það ætti bara að nota netheimildir en það er alls ekki þannig. Eftir að öllum samkomutakmörkunum lauk þá fylltist safnið aftur þannig að ég myndi segja að notkunin væri bara svipuð og að covid hafi ekki sett mikið strik í reikninginn.“ Hanna hugsar sig um um stund og segir svo: „Ef við horfum til lengri tíma þá hefur að aukið aðgengi að heimildum á netinu breytt hlutunum meira en covid.“

„Viltu koma einhverju á framfæri að lokum?“

„Já, mér finnst gaman að vinna hérna og nemendur eru alla jafna mjög kurteisir og skemmtilegir og það er gaman að vera innan um ungt og hresst fólk.“

Ýmsar myndir úr skólastarfinu í vetur













Viðtal við Snorra Björnsson um kynjafræði



Við byrjum á að spyrja Snorra hvað kynjafræðikennari geri.

„Ég kenni kynjafræði á 2. þrepi," segir Snorri.

„Ég geri ekkert annað sem kynjafræðikennari

en að kenna hann og svo styðja ykkur krakkana

í einhverjum málum sem tengjast kynjafræði."

„Hvernig er að kenna kynjafræði,

eru miklir fordómar í tímum?"

Snorri segir að það sé mjög gaman að kenna kynjafræði.

„Hvort það séu miklir fordómar," veltir hann fyrir sér. „Nei, það hefur breyst. Ég byrjaði að kenna kynjafræði 2013 og það er allt öðruvísi að kenna þetta í dag en þá. Umræðan í samfélaginu hefur verið mikið meiri síðustu ár. Ég finn mikinn mun varðandi það og sérstaklega viðhorf til femínista og femínisma almennt. Það er orðið jákvæðara og óumdeildara í dag, fólk er ekki að rífast um þetta," segir hann. „Það var miklu meira um fordóma gagnvart femínistum þegar ég var að byrja. Í dag finn ég það ekki eins en ég verð vissulega stundum var við fordóma og þá aðallega gagnvart kynsegin fólki. Kannski eru þær raddir samt ekki háværar. Fordómar eru bara fáfræði og fólk getur yfirleitt rætt þetta og lesið sér til. Þannig að þetta er ekki til vandræða. Ég hef samt heyrt um þetta frá öðrum kynjafræðikennurum, síðast núna um daginn frá kynjafræðikennara sem lenti í miklum fordómum í kennslu. Ég hef sjálfur ekki lent í neinum erfiðum málum."

Snorri er líka íslenskukennari og þar sem tungumálið er að breytast, til dæmis með nýyrðunum hán, héð og fleirum, spyrjum við hann hvort hann vildi að það væri fjallað meira um þessi nýju orð í íslenskukennslunni.

„Ég held að það sé ekki bara íslenskan heldur líka samfélagið sem er að breytast," svarar hann. „Það er hópur fólks sem með réttu er farinn að heimta pláss í samfélaginu og það er hið eðlilegasta mál. Ég held að við sem samfélag þurfum að þróast með, líka tungumálið. Það er alltaf að breytast og það er alltaf í þróun. Ég tel að íslenskukennarar verði að fylgjast með þessu og kenna þetta. Það að hafa ný persónufornöfn o.fl. er nýtt fyrir flest og að sjálfsögðu þurfum við að hafa það með í kennslunni."



Ort er það en ekki gjört.

„Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri um jafnréttismál?“

„Jafnréttismál mættu vera sýnilegri hér í skólanum. Við ættum að gera meira í jafnréttismálum,“ segir Snorri og bendir á að VMA sé mjög kynskiptur skóli. „Námsbrautirnar eru afar kynskiptar og starfshópurinn er það líka, t.d. eftir fögum. Jafnréttisáætlun skólans mætti vera sýnilegri og meira í umræðunni. Sýnileiki jafnréttisfulltrúa og jafnréttismál almennt mættu vera meira á dagskrá en hingað til. Með því er ég ekki að segja að allt sé ómögulegt. Alls ekki, en það má alltaf gera betur. Ég myndi vilja sjá femínistafélag innan skólans, en þau sem hafa verið stofnuð hingað til hafa dáið jafn harðan. Sennilega vegna lítils stuðnings eða áhuga. Það vekur furðu mína að sjá femínistafélög dafna í öðrum skólum en ekki hér. Ég spyr mig hvers vegna það sé. Þannig að já, ég held við getum gert betur.“

Viðtal við Valgerði Dögg Oddudóttur Jónsdóttur um brautabrú



„Hvernig er að kenna á brautabrú Vala?“

Vala segir að það sé mjög gaman en stundum krefjandi. „Þetta eru nemendur sem hafa ekki lokið öllu námsefni grunnskólans og eru stödd á mjög ólíkum stað í námi. Mörg komin með mikinn skólaleiða eða hafa misst mikið úr skólanum og þá er oft dálítið erfitt að kveikja námsneistann aftur.“

Við spyrjum líka hvernig hún myndi lýsa brautinni.

„Á fyrri önninni fá þau tækifæri til að kynnast ólíkum verknámsbrautum,“ segir hún. „Það hjálpar þeim stundum að átta sig á því hvað þau vilja læra í framhaldinu, finna út hvað þeim finnst skemmtilegt og hvar áhuginn liggur. Síðan er þetta svona undirbúningsbraut fyrir aðrar brautir í skólanum.“ Vala útskýrir að brautabrú sé eins árs nám og nemendur fái tækifæri á að fara í undirbúningsáfanga í stærðfræði, ensku og íslensku til að standast þær kröfur sem gerðar eru á hverri braut.

„Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri til nemenda?“

„Þorið að vera þið sjálf,“ segir Vala. „Finnið það sem þið hafið áhuga á og sinnið því vel. Munið að vera víðsýn og æfa ykkur í að setja ykkur í spor annarra. Þannig skiljum við hvert annað betur og náum betur saman.“

Erfitt er einum að vera.



Jólaútskriftin í Hofi árið 2022









JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

Viðtal við Höllu Hafbergsdóttur

jafnréttisfulltrúa um jafnréttismál



Við spyrjum Höllu hvað jafnréttisfulltrúi geri.

„Hann vinnur í jafnréttisstefnu skólans sem er tilbúin þó hún sé ekki komin inn á heimasíðuna," segir Halla. „Hann fer líka yfir hvort skólinn sé að vinna eftir jafnréttisstefnunni. Ég sit svo í jafnlaunanefnd og fylgist með því sem er að gerast bæði annars staðar og hérna í skólanum í jafnréttismálum. Ég fylgist með hvort einhversstaðar séu mál í gangi. Maður fréttir af því ef það er hallað á fólk vegna kyns."

„Hvernig finnst þér staðan vera í jafnréttismálum í skólanum?"

Halla segir að hún mætti vera betri. „Það er rosalega mikil kynjaslagsíða í námsvali. Það eru brautir þar sem eru nánast bara strákar og svo aðrar þar sem eru nánast bara stelpur ef við tölum bara um tvö kyn. Við erum meðvituð um þetta og erum alltaf að vinna í því hvað er hægt að gera. Það er erfitt að eiga við þetta."


Við viljum vita hvort Höllu finnist hafa verið fram- eða afturför í jafnréttismálum.

„Ég held að það séu meiri framfarir og meiri skilningur á að það eru fleiri en tvö kyn." Halla vill meina að þetta eigi við um flest starfsfólk. „Varðandi við námið koma svo bæði upp- og niðursveiflur en gegnum gangandi er búin að vera þessi kynjaslagsíða í náminu."

Við spyrjum líka hvort hún vilji koma einhverju á framfæri við skólann um jafnréttismál.

Halla leggur áherslu á að halda áfram að vinna í því að jafna hlut kynjanna þannig að það sé jafnari kynskipting inni á brautum. Hún segir að það skipti máli í öllum fögum. „Það er kynjahalli í verklegu námi og líka í bóklegu. Það þarf að halda áfram að vinna í því og komast að því af hverju þetta stafar. Ég veit að það er áhugi á að skoða greinar sem hafa verið frekar karllægar en kvenlægar en við þurfum að komast að því hvers vegna námsval er svona kynbundið."

Mörgum þykir minna fyrir að heita en efna.



Viðtal við Ólaf Hartwig Björnsson um íþrótta- og lýðheilsubraut



Við spyrjum hvernig Ólafi finnist að kenna á brautinni.

„Ég hef verið kennari hérna síðan 2001," segir hann. „Brautin hefur tekið breytingum á þeim tíma. Mér finnst samt alltaf gaman að kenna og þá líka á íþrótta- og lýðheilsubraut."

Við spyrjum líka hvernig hann myndi lýsa brautinni.

„Íþrótta- og lýðheilsubraut, eins og hún er byggð upp núna, er hugsuð bæði fyrir nemendur sem eru að fara áfram í íþróttafræðinám, sálfræðinám og annað heilsutengt," svarar hann. „Þar sem brautin er stúdentsbraut þá eru nemendur með góðan grunn fyrir áframhaldandi nám í nánast hverju sem er. Brautin er líka hugsuð fyrir nemendur sem langar svolítið að hreyfa sig og taka þátt í hreyfingu og eru kannski ekki endilega viss um í hvaða átt þau vilja fara eftir framhaldsskólann, svo reynum við líka að hafa brautina fyrir þau sem stefna langt í íþróttum."

„Viltu koma einhverju á framfæri til nemenda?"

Ólafur leggur áherslu á mikilvægi þess að taka þátt og leggja sig fram. „Í flestum íþróttagreinum verður bæði skemmtilegra og gefur nemendum mun meira ef öll taka þátt."

Viðtal við Hörpu Birgisdóttur um hársnyrtiiðnbraut



Við spyrjum Hörpu hvernig er að kenna á brautinni.

„Það er náttúrulega mjög gaman og alltaf ný og ný viðfangsefni," svarar hún. „Þetta er mjög lifandi starf í hárinu. Við erum öll misjöfn og höfum mismunandi þarfir, bæði nemendur og viðskiptavinir okkar."

Harpa lýsir brautinni sem litríkri.

Við spyrjum hverju hún vilji koma á framfæri við nemendur.

„Ég myndi segja að vera þið sjálf og þora að gera sem ykkur langar"



Af dálitlum pilti verður oft dýr maður.

Hársnyrtiiðn á

Glerártorgi









Vörumessan í Smáralindinni og


frumkvöðlar í undirbúningsvinnu













Viðtal við Rudolf Helga Kristinsson um Ritlistarhóp VMA



Við spjölluðum við hann um Ritlistarhóp VMA og báðu hann um að lýsa félaginu.

„Ritlistarhópur VMA er að skrifa stuttar sögur, handrit eða ljóð þar sem það kemur annað hvort kveikjur eða að við skrifum orð niður á miða og drögum síðan“ lýsir hann. „Það orð sem við fáum hvort sem það er eitt eða fleiri þurfum við að skrifa stutta sögu um orðin. Við erum með tíma sem við höfum til að skrifa, ef einstaklingurinn vill fá meiri tíma þá bætum við tímann. Eftir að við höfum skrifað sögur eða það sem við skrifuðum, þá lesum við það upp. Hins vegar er það alls ekki skilda. Það er enginn neyddur í að lesa og það er alls ekki nein skömm.“

Hann sagði að þau myndi gjarnan vilja sjá fleiri mæta. „Það sem við viljum mest er að þessi hópur lifir sem lengst og að nýir nemendur bætist inn í hann þar sem stór hluti af okkar er að útskrifast núna í vor, þá viljum við fá nýja aðila til að viðhalda þessu.“

„Við höfum markmið sem er að hittast og spjalla saman og skrifa. Þetta á að vera létt ekki stress. Þetta er stund sem við getum hitt aðra sem hafa áhuga á ritlist“ segir hann. „Það er einnig það sem við vill koma á framfæri „þetta sé einungis til að skemmta sér en ekki til að auka pressu í lífi fólks. Maður mætir, ef maður hefur tíma annars ekki.“



Viðtal við Natasha Grétu Guðvarðardóttur um starfsbraut



Hún segir að það sé gaman á brautinn og lýsir henni sem skemmtilegri. Að lokum vill hún hvetja nemendur til að vera dugleg að læra.

Það eru allt stúdentar sem hárið hafa.

Viðtal við Björn Gunnar Freysson um rafvirkjabraut



„Hvernig er að kenna á rafvirkjabraut?“

„Það er ofsalega gaman,“ svarar Björn. „Þetta er mjög fjölbreytt.

Við erum alltaf með einhverjar nýjungar. Við þurfum að uppfæra okkur

og kynnast nýjungum og taka þær inn í námið og búa til ný verkefni,

aðlaga okkur að öllu sem kemur nýtt því eins og þið vitið er alltaf eitthvað

nýtt í rafmagninu.“

Við biðjum hann um að lýsa brautinni fyrir okkur.

„Þetta er braut sem býður upp á alveg ofboðslega marga möguleika,“

byrjar hann. „Rafdeildin getur verið grunnur áfram í svo margt annað. Fólk getur verið rafvirkjar, rafeindavirkjar, rafveituvirkjar og rafvélavirkjar. Með stúdentsprófi getur fólk farið í háskólann í verkfræði eða tæknifræði. Ég myndi segja að þetta væri mjög spennandi kostur fyrir þau sem hafa á annað borð áhuga á rafmagni, tækni og tölvum.“

Að lokum spyrjum við hverju hann vill koma á framfæri við nemendur.

„Ég vil hvetja þau sem hafa áhuga á rafmagni, tölvum og tækni að kynna sér brautina og sjá hvort það sé eitthvað sem þau gætu hugsað sér að læra.“

Viðtal við Braga Óskarsson um byggingarbraut



Við spyrjum hvernig er að kenna á brautinni.

Bragi segir að það sé bara mjög fínt.

En hvernig myndi hann lýsa brautinni.

„Þetta er skipulagt kaos,“ svarar hann kíminn.

Að lokum spyrjum við hvort hann vilji koma einhverju á framfæti

til nemenda.

„Komið á smíðabrautina,“ segir Bragi. „Við erum skemmtilegasta brautin í skólanum. Skipulegt kaos er ansi skemmtilegt.“

Hver er sinnar gæfur smiður.

Árshátíð VMA 2023











Viðtal við Helgu Júlíusdóttur um náms- og starfsráðgjöf



„Segðu okkur Helga, hvað myndir þú segja að væri helsta starf námsráðgjafa?“

„Okkar helsta starf,“ segir Helga, „myndi ég segja að væri að veita nemendum ráðgjöf bæði í námstækni og persónulegum högum. Við eru til dæmis að hjálpa þeim með náms- og starfsval eftir framhaldsskólann.“ Hún bætir við að þau hjálpi nemendum einnig innan skólans. „Við erum fyrst og fremst bandamenn nemanda. Við erum alltaf hérna fyrir þau. Við erum fyrsta stopp ef þau vita ekki hvert þau geta leitað eða vantar aðstoð. Ef við getum ekki aðstoðað vitum við oft hvert þau á eiga að fara.“

Við viljum einnig fá að nýta hvernig nýtingin sé á námsráðgjöfinni.

„Hún er mjög góð. Það er nóg að gera hjá okkur,“ segir hún en bætir við að nemendur mættu vera duglegri að nýta sér þjónustuna. „Okkur finnst svo gaman að fá nemendur til okkar og við viljum fá fleiri. Ekki bara þegar nemendur eiga í einhverjum erfiðleikum heldur líka fá að heyra hvað gengur vel og hvað má betur fara og stundum til að gera gott betra.“

„Er eitthvað sem þú vilt breyta?“

Helga telur mikilvægt að upplýsa nemendur betur um þjónustu náms- og starfsráðgjöfina. „Það vita kannski flest af okkur en vita kannski ekki hvað við gerum og hvað við getum aðstoðað með,“ segir hún og bendir á að nemendur mættu líka koma fyrr til þeirra. „Oft koma nemendur þegar þau eru komin í einhvern vanda og eru búin að missa tökin á verkefnaskilum, mætingu og svoleiðis. Við erum oft að aðstoða nemendur með að komast á réttan kjöl aftur. Þannig að það væri frábært, ef nemendur kæmu fyrr. Þannig að við gætum gripið í taumana fyrr.“



En hverju vill Helga koma á framfæri að lokum.

„Aðallega að nemendur viti af okkur og okkur þykir ofboðslega skemmtilegt að fá nemendur til okkar og við getum aðstoðað með allskonar og að þau viti að við erum alltaf á þeirra bandi. Við erum hérna til að aðstoða þau.“

Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.

Glugginn (nafnlaus saga frá nemanda

Það var gluggi á fjórðu hæð. Hann var staðsettur í skólastofu hjá áttunda bekk. Þessi gluggi var ekki eðlilegur eins og hinir gluggarnir en hann var lifandi. Glugginn gat ekki talað, hreyft sig ellegar lát aðra vera var um sig. Hins vegar gat glugginn fundið tilfinningar, hugsað og öll skynfærin virkuðu. Allir daga voru eins og ekkert breytist nema að það komu nýir nemendur og kennarar en allir dagar hjá glugganum voru eins. Allir jafn tilgangslausir og þýðingarlausir. Glugganum fannst eins og öllum væri sama um sig. Það tók enginn eftir honum þó að hann var þarna dags daglega. Það tók enginn eftir glugganum. Þess vegna var glugginn einmana og upplifði mikinn vanlíðan. Eina sem glugginn gat gert er að leyfa öðrum að ráðskast með sig og stjórna sér. Á vetrunum byrjuðu unglingarnir að beita honum ofbeldi með að kasta í hann snjóbolta. Sumir snjóbolta voru svo harðir að glugginn fann virkilega til. Glugginn reyndi að biðja unglingana að hætta en þeir hættu ekki. Þeim var alveg sama og sýndu enginn viðbrögð yfir því. Eins þoldi glugginn ekki þegar að fólk var að káfa á sér og klína sig út í svita og ógeði. Hann vildi ekki að fólk væri að snerta sig en hann hafði ekkert annað val en að hlýða. Það sem glugginn þóttist leiðinlegast og erfiðast var að hlusta á nemendur kvarta yfir lífinu sínu um nám, skóla, ástarmál og fjölskylduna sína. Glugginn fannst að hann átti mun erfiðara líf en það tók ekki eftir honum vegna þess að allir voru svo uppteknir að sínu eigin lífi. Eitt skiptið þegar að það kveiknaði í skólanum þá kallaði kennarinn á alla nemendurna og fór með þá út úr stofunni í röð. Glugginn reyndi að kalla og kalla til þess að þeir myndu ekki skilja sig eftir en það heyrði enginn í glugganum. Glugginn reyndi að komast burt en gat það ekki. Hann reyndi að láta fólkið taka eftir sér en það tók ekki eftir honum. Glugginn tók eftir því að allir nemendurnir og starfsmenn voru komnir út úr skólanum. Allir heilir og öruggir. Síðan fann glugginn fyrir því að eldurinn var kominn inn í stofuna. Glugginn vildi alls ekki látast og hann horfði vonsvikinn á alla sem komust út og það versta af öllu voru sumir nemendur að fagna því að skólinn var að brenna. Sumir nemendur brosti og aðrir voru fegnir að sleppa út meðan að glugginn horfði bjargarlaus á alla. Glugginn fann fyrir því að eldurinn var byrjaður að snerta sig og hann fann til. Það lá við að hann fari að gráta en hann gat ekki sýnt neinar tilfinningar opinberlega. Glugginn gat bara fundið fyrir tilfinningar en gat ekki sýnt þær. Loksins sá glugginn slökkviliðið koma á fleygi ferð með þvílíkum hávaða en það var of seint. Glugginn þurfti að brenna inni aleinn og einmana í sinni sorg.





Af sárri reynslu vitið vex.

Árshátíð VMA 2023













Viðtal við Jónatan Smára Guðmundsson um Æsi.



Við byrjum á að spyrja Jónatan einfaldlega um hvað Æsir geri.

„Æsir er upprunalega stuttmyndafélag,“ upplýsir Jónatan okkur um. „Við höfum samt meira verið að taka upp viðburði,“ segir hann. Jónatan segir okkur frá því að þau byrjuðu á að taka upp Sturtuhausinn og „póstkortin“ fyrir hann. „Við höfum líka verið að taka myndir, til dæmis á Sjallaballinu og við tókum líka upp og klipptum árshátíðarmyndbandið.

„Hvernig sérðu fyrir þér framtíðina hjá félaginu?“

„Ég myndi vilja sjá meiri starfsemi hjá félaginu, að það væri að vinna meira og væri sjálfstæðara,“ svarar hann. „Við höfum aðalega verið að hjálpa til hér og þar. Það væri gaman að fá að spreyta sig á einhverju sjálf.“

En skyldu Æsir hafa eitthvert markmið.

„Nei, það var eiginlega ekkert markmið hjá okkur. Ég heyrði að það hefði ekki verið mikið starf í hjá félagi síðustu árin. Þannig að við ætluðum bara að reyna að taka eitthvað upp,“ svarar hann. „Það gekk alveg.“

Þegar við spyrjum Jónatan hvort hann vilji koma einhverju á framfæri er hann ekki viss. Hins vegar er til YouTube rás sem heitir Æsir VMA! Þar eru myndbönd af ýmsum atburðum síðustu ára.

Viðtal við Soffíu Margréti Bragadóttur um sérnámsbraut



Soffía segir að það sé fínt að vera á sérnámsbraut. „Það er mjög fjölbreytt. Við erum að læra ýmislegt, til dæmis íslensku, listnám og margt fleira,“ segir Soffía en vildi ekki bæta neinu við það.

Oft er flagð undir fögru skinni.



Sturtuhausinn 2022

















Viðtal við Elvar Freyr Jónsson um íþrótta- og lýðheilsubraut



„Hvernig er að vera á íþrótta- og lýðheilsubraut?“

Elvar segir að það sé bara fínt. „Við í 2004 árganginum erum mikið saman í tímum og þetta er góður hópur.“

Við biðjum hann að lýsa brautinni fyrir okkur.

„Hún er krefjandi,“ svara hann, „en ef þú ert í íþróttum á sama tíma færðu einingar fyrir það og það hjálpar þér líka í íþróttinni sem þú ert að æfa.“

Elvar vill engu bæta við að lokum.

Viðtal við Steinar Braga Laxdal Steinarsson um viðskipta- og hagfræðibraut

Við byrjum á að spyrja Steinar um hvernig er að vera á brautinni.




„Það er bara fínt,“ svarar hann. „Við lærum mikið sem getur hjálpað okkur í framtíðinni, til dæmis að reikna út skatt og allt það.

„En hvernig er brautin?“

„Þetta er auðvitað viðskipta- og hagfræðibraut,“ bendir Steinar á kíminn. „Við erum að vinna mikið með tölur og svoleiðis. Þetta er bara gaman og það er náttúrulega mikil stærðfræði sem er reyndar ekki gaman en maður lærir inn á þetta.“

Steinar vill ekki bæta neinu við að lokum.





Áfengur drykkur er óminnisöl.

Viðtal við Jón Stefán Þorvarsson um að vera eldri nemandi



Til að byrja með viljum við vita hvernig sé að vera eldri nemandi í skólanum.

Jón segist finna voðalega lítið fyrir því. „Ég er í vélstjórn og við erum flestir eldri þar.“

„En er þá erfiðara að ná sambandi við nemendur í öðrum áföngum?“

„Já, svolítið,“ viðurkennir hann. „Þegar ég er bara í áföngum með sautján ára krökkum og ég er sjálfur tuttugu og tveggja.“ Hann segir að það sé mikill munur þar á milli.

Við spyrjum líka hvort hversdagslífið fyrir utan skólann skarist við námið.

„Já, helling,“ segir Jón og bendir á að fjölskyldan hafi mikil áhrif en hann á tvö börn. „Það hefur mikil áhrif á hvernig ég get verið í skóla og annað.“

Að lokum segir hann að breytingin á skólatímanum, að skólinn byrji hálf níu og sé búinn fyrir fjögur, sé rosalega fín fyrir fólk sem á börn í leiksskóla. „Þá hefur þú tíma fyrir að koma börnunum í skólann og vera mættur í tíma áður en hann byrjar og getur farið að ná í börnin áður en eru búin í leiksskólanum. það lækkar skólagjöldin.

Viðtal við Óskar Kristinn Ármannsson um vélstjórn




„Hvernig er að vera á brautinni, Óskar?“

„Það er bara voða fínt,“ svara hann. „Það er ágætis upplifun.“

Við spyrjum líka hvernig hann myndi lýsa brautinni.

Hann segir að hún sé erfið en gefandi. „Það eru ákveðnir karakterar sem þú kynnist á þessari braut.“



Að lokum segir Óskar að þetta sé bara flott og hann þurfi engu að bæta við.

Klók er kaupmanns viska.

Myndir úr leiksýnngunni *Bót og Betrun*













Viðtal við stjórn Leikfélag VMA

Það var spjallað við alla stjórnina um leikfélagið. Í stjórn var formaðurinn Örn Smári Jónsson, varaformaðurinn, Aþena Marey Ingimarsdóttir, fjármálastjórinn Katla Snædís Sigurðardóttir og markaðsstjórarnir Hemmi Ósk Baldursbur og Hanna Lára Ólafsdóttir.

Það fyrsta sem við viljum vita var hvað leikfélagið gerir.

Örn: „Leikfélagið sér um að setja upp stærsta leikritið sem skólinn setur upp á hverju ári. Það er aðalverkefnið.“

Hemmi: „Síðan erum við með hryllingshúsið og allskonar smáverkefni eins og harðleikin sem var fyrir stuttu þar sem þetta var „workshop“ fyrir fólk og þurfti ekki að hefa nein grunn og fólk frá á ýmsum „levelum“ í leiklist. Maður þurfti ekki að vera eitthvað mjög góður í því til að taka þátt.“

Örn: „Leikfélagið er bara hérna í raun fyrir þá sem hafa áhuga á leiklist og hafa aldrei prófað það áður eða hafa áhuga eða eru með reynslu og geta komið og þróa þennan áhuga sinn eða það sem þeir vilja gera í framtíðinni innan leiklistarinnar og þetta er tækifæri fyrir þá krakka til að koma og sýna og gera það sem þeir vilja hvort sem þú ert að taka þátt sem leikari eða þú ert að taka þátt í baksdeildum eða í tækni og búningum. Það skiptir ekki máli, þú öðlast alltaf einhverja þekkingu á því áhuga sviði sem þú hefur fyrir sjálfan þig og langar að læra. Það hafa til dæmis margir verið í tæknideildinni okkar sem hafa síðan farið að vinna hjá *Makk eða Ella* eða fundið sér vinnu einhvers staðar inn í leiklistinni, bara með því að taka þátt í ávaxtakörfunni sem leikfélagið setti upp. Þetta er rosalegur vettvangur fyrir krakka sem hafa þennan áhuga og þetta áhugasvið. Það eru bara tvö leikfélög hérna á Akureyri í framhaldsskólum. Þau eru bæði álíka stór þannig lagað séð.“

Næsta það sem við viljum vita er hvernig upplifunin var með *Bót og Betrun*.

Katla: „Þetta var bara ógeðslega skemmtilegt. Þetta er rosalega krefjandi að vera í svona leikriti og sérstaklega í stjórn líka. Þetta er mjög öðruvísi maður er svo vanur að sjá söngleiki alltaf. Þetta var bara tilbreyting og það er svo skemmtilegt að ekki þurfa að fara á söngleiki, ef þig langar að fara á eitthvað leikrit.“

Örn: „Þetta er fyrsta skiptið að VMA er að setja upp eitthvað annað en söngleiki eða barnaleikrit. Það er ótrúlega skemmtilegt verkefni til að taka þátt í. Sérstaklega farsa eða gamanleikrit sem er ógeðslega erfitt að setja upp á sviði og hvað þá í framhaldsskóla. Það er ekkert sjálfgefið að setja upp gamanleikrit með einhverjum framhaldsskólakrökkum og finna réttu leikarana og finna rétta sviðsmyndin er einn stærsti partur af þessu svona hurðafarsi þarf að vera fullkomið sett upp og okkur tókst í rauninni“.



Katla: „Ótrúlega vel að setja upp flotta sviðsmynd.“
Einhvern tíma batnar byr, þó blási nú á móti.

Örn: „Ótrúlega flott fólk sem kom að þessu öllu, helgi sem smíðaði sviðsmyndina og allir í leikfélaginu og leikararnir hjálpuðust að koma öllu saman og leikstjórinn okkar er með hugsjón fyrir þessu og hún sagði að þetta mun virka svona og mun verða svona og það var að veruleika. Upplifunin er alveg ótrúleg og viðtökurnar mjög frábærar."

Aþena: „Af því að það vantar ekki svo marga leikara í hurðafarsa vorum við mjög náin af því að við vorum svo fá."

Hemmi: „Við vorum líka svo fá baksviðs og þannig að við vorum mjög náin."



Hanna: „Það er haldið svo vel utan um þetta."

Örn: „Gekk alveg ótrúlega vel."

Síðan viljum við vita hvernig þau sjá áframhaldið

Hemmi: „Fjölbreytni."


Aþena: „Stærri hópa."

Katla: „Við höfum ekki talað mikið um það."

Aþena: „Í ár voru ekki margir í prufur og höfðu áhuga á að taka þátt. Ég vona að þetta leikrit hafi veitt öðrum innblástur til að koma og taka þátt í þessu og til að setja upp ný fjölbreytt og skemmtileg leikrit."

Örn: „Það er stærsta undirfélag skólans og er með stærstu viðburðina miðað við önnur undirfélag sem eru ekki mörg í gangi en eru alltaf að vera meiri og meiri. Það er alltaf meira og meira að endurlifa. Það er sama með leikfélagið. Leikfélagið fyrir sex árum síðan var ekki neitt og það var lagt niður á einhverju tímapunkti og kom allt í einu upp. Eiginlega síðan 2017/2018 hefur þetta farið rísandi og vil sjá þetta fara stærra og stærra. Að þetta muni halda áfram þannig út. Þetta er ekki bara mikilvægt fyrir skólann sjálfan heldur mikilvægt fyrir félagslífið innan skólans. Það er svo mikilvægt fyrir félagslífið í skólanum að svona undirfélag haldi áfram og veri stærri og að fólk hafi áhuga á leið og leikfélagið dettur niður eða einhver önnur félög fara að detta niður eitthvað undir og hvað verður þá um félagslífið? Það er líka ábyrgð nemanda og framtíðar nemanda í skólanum til að koma og halda þessu gangandi. Það er bara svo mikið að sem við leikfélagið núna getum gert. Jú, við vorum með harðleikinn sem var nýtt „Workshop". Við héldum áfram með hryllingshúsið sem var bara gert í annað sinn í fyrra. Við prófuðum nýtt leikrit, við vorum ekki með „commercial". Leikfélagið getur gert miklu meira, það getur haft fleiri námskeið. Það getur verið með fleiri minni leikrit yfir árið. Við getum verið með góðgerðadaga, nemendur þurfa bara að koma og stíga fram og gera það. Það er mikilvægasti parturinn að halda áfram fyrir félagslífið í VMA."

Hver sá sem lýgur drepur sína sál





Fleiri myndr úr

leiksýnngunni *Bót og Betrun*









Að lokum spyrjum við hvort þau vilja koma einhverju á framfæri.

Hanna: „Að hvetja fólk til að fara í stjórnina á næsta ári, bara að fara í kosningar fljótlega.“

Örn: „Ég hvet alla sem eru í leiklist eða hafa áhuga á stjórnar dæmi að taka þátt og leyfa þessu leikfélagið að blómstra eins og ég veit að það getur verið.“

Katla: „Prófa og ef þú líkar ekki við það er alltaf hægt að hætta en ég er ekki að hvetja ykkur í það.“

Örn: „Þú getur komið og prófað og getur svo farið heim. Þetta er ekki settur stóll að þú verður að gera þetta þangað til að þetta er búið.“

Hanna - „Þótt þú hafir ekki mikla ástríðu fyrir leikritið, ef það er námskeið er mjög gaman að kíkja, þó að þú sért ekki með nein bakgrunn, ert kannski ekki nákvæmlega þessi týpa sem fer í leikfélagið er samt skemmtilegt að koma og prufa. Það gæti alltaf verið það að þú finnst þetta geðveikt skemmtilegt. Þú færð allt í einu ástríðuna og hittir alltaf fólk.“

Örn: „Það kemur alltaf mikið af fólki eins og með harðleikinn og „Workshopið“, þá var ógeðslega mikið af fólki sem hafði aldrei tekið þátt í leiklist og vissi ekki að það hafði áhuga. Það kom bara. Sumir komu í prufur í Bót og Betrun aðrir fóru baksviðs. Koma og prófa.“

Aþena: „Það er ógeðslega gott að koma og koma hugsunum þínum á framfæri og stíga úr þægindarammanum þínum.“

Katla: „Það er mjög gefandi fyrir manneskjuna að vera í leiklist og byggir sjálfstraustið þitt.“

Hanna: „Maður sér alveg yfir ferlið að fólk blómstrar alveg og trúir meira á sjálfan sig eftir ferlið heldur en þegar það kom inn í prufurnar fyrst. Það vex rosalega mikið.“

Katla: „Ef þú kæmir hingað inn og finnst þú vera asnalegur, þú ert það ekki. Ef þú ert asnalegur þá eru allir hinir líka asnalegir.“

Aþena: „Það er eiginlega ekki hægt að gera neitt vitlaust í leiklistinni. Það er allt svo fallegt.“

Hanna: „Það er ekki hægt að leika rangt þannig lagað séð. Þetta er allt tjáning.“

Örn: „Koma á svið og gera mistök er eins leyfilegt og hægt er í leiklistinni. Það er allir hérna til að læra. Það eru allir velkomnir að prófa sig áfram.“

Hemmi: „Endilega koma og prufa.“





Enginn á sök á sjálfs vopni.



Hópmynd af stjórninni. Það er talið frá vinstra megin. Katla Snædís Sigurðardóttir, Hemmi Ósk Baldursbur, Aþena Marey Ingimarsdóttir, Örn smári Jónsson og Hanna Lára Ólafsdóttir.










Nýnemaball í Sjallanum árið 2022







Viðtal við Maríu Albínu Tryggvadóttur um sjúkraliðabraut



„Hvernig er að kenna á sjúkraliðabraut?“

„Það er bæði skemmtilegt og gefandi að kenna á sjúkraliðabraut“ svarar María.

„Það eru auðvitað nemendurnir sem gera starfið skemmtilegt. Síðan er það gefandi að sjá til dæmis framfarir hjá nemendum í náminu og þegar að þeir takast á við persónulegar áskoranir eins og til dæmis í verknáminu þar sem þeir eru í mikilli nálægð við skjólstæðinga. Þar sem að heilsutengd mál og hið mannlega eru mín áhu því með nemendum.“

Við viljum einnig vita hvernig hún myndi lýsa brautinni.

„Sjúkraliðanámið er bæði bóknám og vinnustaðanám, auk starfsþjálfunar í lok náms í skóla“ byrjar hún. „Það skapast mikill bekkjarandi á brautinni og nemendur læra að takast á við margvísleg verkefni bæði í skólanum og á heilbrigðisstofnunum. Nemendur fá löggild starfsréttindi við lok námsins og það eru næg starfstækifæri að loknu námi. Þetta er auk þess mjög góður undirbúningur fyrir þá sem stefna á frekara nám í heilbrigðisvísindum þar sem að nemendur hafa fengið að starfa á heilbrigðisstofnunum“.

Að lokum viljum við komast að því hvað hún vill koma á framfæri til nemanda.

„Berðu virðingu fyrir sjálfum þér og öðrum, svo er gott að hafa húmorinn fyrir sjálfum sér með í farteskinu“.





Viðtal við Kristínu Ernu Jakobsdóttur um starfsbraut

Kristín segir að það sé mjög gaman að vera á brautinni og að hún sé mjög skemmtileg.

Hún vill ekki bæta neinu við að lokum.

Margur er engill í orði en djöfull í verki.



Viðtal við Svein Sigurbjarnarson um Fjárinn



Við byrjum að spyrja hann hvað Fjárinn gerir.

„Fjárinn er bara svona félag nemanda viðskipta og hagfræðibraut“ upplýsir Sveinn. „Það stendur fyrir pizzakvöldum og hittingum svona yfir önnina, spilakvöldum, jólakvöldum, einhverjum litlum viðburðum sem eru tengdir og fær hópinn til að hittast og koma okkur saman“.

Við viljum vita hvað hefur verið gert undanfarið

„Það hefur verið pizzakvöld hér um daginn“ byrjar hann. „Svo höfum við haldið bingó, við erum oft að halda spjallkvöld og við mætum og spjöllum eins og þessi pizzakvöld eru pizzur og spjall“.

„Hvað viljiði sjá í áframhaldi?“

„Bara að halda áfram að halda litla viðburði sem er bara einfald en ekkert stórt kannski Pub Quiz“ svarar hann. „Halda áfram að halda spilakvöld, pizzukvöld eitthvað svona til að binda hópinn saman. Bingóið mætti halda áfram, það er mjög flott og skemmtilegt“.

Hvað skyldi vera markmiðið hjá Fjáranum.

„Markmiðið félagsins er að nemendur brautarinnar hittist og kynnist og njóti þess að gera eitthvað skemmtilegt saman og ræða svolítið saman“.

Við viljum vita hvort það er eitthvað sem Sveinn vildi koma á framfæri.

„Endilega komið á viðskipta og hagfræðibraut“ segir hann. „Njóttið samveruna með skemmtilegum nemendum“.

Dropinn holar harðan stein.





Viðtal við Jóhönnu Björk Sveinbjörnsdóttur um erlenda nemendur



Við byrjuðum á að biðja Jóhönnu að segja okkur aðeins frá sjálfri sér.

„Ég heiti Jóhanna Björk og ég er verkefnastjóri erlendra nemenda hér í VMA," byrjar hún. „Ég veit ekki undir hvaða lukkustjörnu ég var þegar Sirrý skólameistari hringdi í mig. Ég var nýflutt í bæinn og hafði sent henni umsókn um kennarastöðu en Sirrý spurði hvort ég gæti tekið þetta að mér þar sem svo margir erlendir nemendur hefðu innritast í skólann um haustið og þörf á liðsauka. Ég hélt nú það!

Ég er mannfræðingur að mennt, lærði í Berlín og í Háskóla Íslands. Ég hef búið, starfað og lært víða¸ fór í málaskóla á Ítalíu, í lýðháskóla í Danmörku, var skiptinemi í Skotlandi og starfaði í sveitaskóla á Indlandi. Núna síðast bjó á Grænlandi þar sem ég starfaði í ferðaþjónustu og gerði mannfræðirannskóknir. Það hefur verið mín gæfa í lífinu að kynnast heiminum og ég mæli eindregið með því að víkka sjóndeildarhringinn og kynnast því að vera útlendingur einhversstaðar."

„Hvað gerir verkefnastjóri erlendra nemenda?"

Hún segist sjá um flest það sem snýr að erlendum nemendum í skólanum. „Allt frá því hvernig við tökum fyrst á móti þeim og kynnum þau fyrir skólanum og að því hvernig skólinn ætlar að koma þeim í gegnum námið hér og útskrifa þau." Hún segist líka kenna smávegis. „Ég er til dæmis að kenna sérstakan menningarlæsisáfanga núna sem við bjuggum til fyrir erlenda nemendur." Hún segist sinna mest nýjustu nemendunum. „Öllum er vissulega velkomið að leita til mín en það er erfiðara fyrir mig að finna þau sem hafa verið hér lengur og nálgast þau þar sem þau eru á víð og dreif um skólann og mörg standa sig bara prýðilega og láta lítið fyrir sér fara. Undanfarið hafa líka komið svo margir nemendur í skólann sem eru nýflutt til landsins og tala ekki tungumálið, mörg með stöðu flóttafólks. Þetta er nýr veruleiki sem skólinn þarf að aðlagast og það er mikill metnaður lagður í að gera vel. Ég þarf mjög mikið að móta vinnuna mína „as I og", bregðast við, skoða hvað er vel gert og hvað má bæta.

Við viljum líka vita hvernig er að vinna með erlendu nemendunum.

„Uppá síðkastið hafa málefni erlendra nemenda verið mikið í deiglunni í samfélaginu – mikið til umræðu - og mjög spennandi að fá að taka þátt svona frá fyrstu hendi," segir Jóhanna. „Það er svo mikið af frábæru fólki sem vinnur í þessu og heiður að fá að vinna með þeim. Hér í bænum vilja allir gera sitt besta."



Aldrei er gaman af illu.

Ég elska vinnuna mína. Þetta er rosalega gefandi og skemmtilegt. Svo ekki sé talað um hvað nemendurnir eru frábærir. Ég kenni mest krökkum frá Sýrlandi, Kúrdistan, Írak, Úkraínu, Belarús, Tælandi, Filippseyjum, Kenía og skiptinema frá Sviss svo þetta er fjölbreyttur nemendahópur með ólíkan bakgrunn. Við þurfum að einstaklingsmiða mikið af því sem við gerum fyrir þau. En svona heilt yfir þá eru þetta þakklátustu og skemmtilegustu nemendur sem ég hef kennt. Fyrir utan hvað ég læri svakalega mikið af þeim sömuleiðis.

Nú er ég til dæmis alls vísari um Ramadan og er farin að læra smávegis arabísku í Duolingo. Það er svo hollt og hressandi að læra eitthvað alveg nýtt eins og að læra stafina uppá nýtt og læra að lesa uppá nýtt og núna skil ég svo miklu betur hvernig er fyrir þau að læra íslensku!“

„Hverjir eru helstu erfiðleikarnir fyrir nemendurna sem koma hingað?“

Jóhanna segir að það sé án efa tungumálið sem sé stærsta áskorunin. „Þið getið rétt ímyndað ykkur hvernig er að byrja í framhaldsskóla sem er á tungumáli sem þið kunnið ekki. Það er nógu mikið stökk fyrir okkur hin sem erum að koma úr íslenskum grunnskóla, umkringd vinum og bekkjarfélögum þaðan. Tungumálið er ekki bara lykill að velgengni í námi, heldur líka lykill að vináttu. Sumir nemendurnir tala heldur ekki mikla ensku svo þau eiga dálítið erfitt með að kynnast krökkunun í skólanum. Það er kannski ekkert mál að eignast vin þvert á tungumál þegar við erum lítil og getum bara farið út að leika en á unglingsárunum er það aðeins meira krefjandi,“ en það er þess virði segir Jóhanna og skorar á nemendur að kynnast þessum krökkum. „Þau eru snillingar og við græðum öll á að eiga útlenska vini.“

Við spyrjum við hvort hún vilji koma einhverju á framfæri.

„Já, að leggja það á ykkur að eignast fjölbreytta vini frá ólíkum stöðum í heiminum. Það er svo gaman. Það er mannbætandi! Svo ekki sé talað um samfélagsbætandi.“

Að lokum biðjum við hana að segja okkur sögu frá hennar fyrri störfum.

„Já... hvar á ég að byrja?“ Byrjar hún. „Ég reyni einmitt að lifa lífi sem getur einn daginn orðið góð saga. En ég gæti sagt slöngusögu frá Indlandi? Hvernig það var að reyna að reka ferðaþjónustu í landi þar sem fólk mætir ekki í vinnu ef það fréttist af sel útá flóa? Að ég hafi lært að drekka kaffi á Ítalíu og pínt mig til að læra að drekka viskí þegar ég bjó í Skotlandi ... menningarlæsið þið vitið! Sögurnar væru efni í heila bók og kaflarnir halda bara áfram að bætast við því það eru sko aldeilis sögur hér í VMA sem bíða eftir því að verða til.“




Hel fylgir holdi sem skuggi.

Könnun um félagslíf VMA

Það var gerð könnun, sem var órekjanleg, um félagslífið. Könnunin var send í tölvupósti á alla nemendur í VMA og þeir beðnir um að svara nokkrum spurningum um félagslífið í skólanum. Um er að ræða megindlegar og eigindlegar spurningar. Í heild sinni voru 65 nemendur sem tóku þátt í könnunni sem gerir þetta undir 10% svörun. Hins vegar svöruðu ekki allir þessir 65 nemendur öllum spuringunum.

Fyrsta spurningin:



Önnur spunringin:
Hvað finnst þér að mætti bæta?

What do you think could be better?

Sjö nemendur segja að það þurfi að bæta þátttaka nemanda og breyta viðhorfum þeirra.

Fimm nemendur vilja að Þórduna bæti sig eða skipta henni út.

Þrír vilja fá fleiri viðburði og það yrði lagt meiri metnað í það.

Þrír vilja meiri skemmtun í Gryfjunni með fleiri leiktækjum eins og borðtennisborð og svo framvegis. Einnig sófa og svoleiðis.

Tveir nemendur sögðu að það þurfi ekki að bæta neitt.

Tveir nemendur sögðu að það þurfi að bæta allt.

Tveir sögðu að það ætti að leyfa vín. (Bara að benda kurteisislega á það þá eru reglur um bann áfengis í skólanum og á lóð hans samanber skólareglur).

Tveir sögðust vilja meira hópefli fyrir nemendur eins og annar nemandi stakk upp á var að busa og böðla.

Einn nemandi sagði að hann vilji fleiri „hangout“ staði fyrir nemendur.

Tveir nemendur sögðust vilja meiri samskipti á milli brauta og halda stærri viðburði.


Tveir nemendur vilja fá meiri samstöðu á hverri braut til að kynnast betur.

Einn sagðist að það þurfa að vera fleiri böll.

Einn vill fá Innblástur frá MA.

Letin er illa metin.

Þriðja spurningin:



Fjórða spurning:

Vilt þú sjá fleiri viðburði, ef svo hvað?

Would you like to see more social activities, if so what?

Sex nemendur vilja fá fleiri viðburði en vita ekki hvernig.

Fimm nemendur vilja fá keppnir á milli brauta eins og í íþróttum og þrautum. Einnig ýmsa íþrótta viðburðir.

Fimm vilja sjá minni viðburði til að fá betri tengingu.

Fjórir vilja ekki sjá fleiri viðburði.

Þrír nemendur vilja „study“ kvöld.

Þrír vilja fá fleiri böll.

Tveir nemendur vilja hafa hitting til að spjalla saman.

Tveir vilja hafa spilakvöld.

Tveir nemendur sögðust langa hafa samstarf við MA.

Tveir töluðu um mót á milli nemanda eins og borðtennis, mánaðar lyftingar í ræktinni og svo framvegis.

Tveir nemendur sögðust vilja fá daga þar sem stundatafla er felld niður og halda viðburð í staðinn svo að nemendur geti kynnst hvort öðrum og hafa hópvinnu sem tengist ekki endilega stundatöflunni.

Einn vill kvöldvökur.

Einn vill meira af kleinuhringjum.

Einn nemandi langar í kvikmyndamaraþon.

Einn vill skemmtiatriði í Gryfjunni.

Einn nemandi vill skemmtiferðir.

Þjóð veit ef þrír vita.

Einn nemandi langar í grill hitting.

Einn langar í *Gettu Betur* viðburð.

Einn nemandi langar í *Morfís* viðburð.

Einn vill fá skólatónleika.


Einn vill ratleik.

Einn nemandi langar í kvikmyndahúsa ferð.

Einn langar í sund ferð.

Einn nemandi vill *Meta kvöld*.

Fimmta spurning:



Sjötta spurning:

Níu nemendur sögðust vilja fleiri félög en vita ekki hvernig félög.

Fimm nemendur segjast ekki vilja sjá fleiri félög.

Fjórir vilja söngfélag, tónlistarfélag og dansfélag. (Til að benda á það var eitt starfandi félag á seinustu önn sem hét Valkyrjur. Það var dansfélag. Það er alveg mögulegt að endurvekja það).

Fjórir vilja fá íþróttafélög eins og lyftingar, fótbolti, körfubolti og svo framvegis.

Þrír stungu upp á saumaklúbb.

Tveir vilja fá bílaklúbb.

Tveir vilja fá bjórfélag. (Samkvæmt skólareglum er það bannað. Þið getið alveg rætt þetta mál við skólastjórnendur en það mun pottþétt vera nei).

Tveir nemendur langa í kvikmyndafélag

Einn nemandi sagðist vilja fá stjórnmálafélag.

Einn vill fá bókaklúbb.

Einn langar í fjármálafélag.

Einn nemandi vill fá femínista félag. (Það var femínistafélag á seinustu önn sem var með nafnið Freyja. Það er alltaf hægt að virkja það).

Enginn kann allt og engum sómir allt.

Einn nemandi vill spilafélag.

Einn nemandi langar í tungumálafélög.

Einn langar í listaklúbb.

Einn vill myndbandafélag og myndafélag. (Æsir er starfandi félag sem er ljósmyndafélag og hefur eitthvað verið að taka upp myndbönd).

Sjöunda spurning:

Hvaða leiðir telur þú vera bestar til að auglýsa félagslífið í skólanum?

What do you think is the best way to reach you about advertisements regarding the social life in the school?

Tólf nemendur segja að samfélagsmiðlarnir séu besta leiðin. (Hér eru ekki nefndir hvaða samfélagsmiðill það er).

Átta nemendur nefndi að Instagram sé besti kosturinn.

Átta nemendur segja að hafa plaköt og blöð út um allt sé besta leiðin eins og einn sagði að setja blöð á klósettin.

Sjö segja að best sé að koma inn í stofur til að kynna viðburði og félagslífið.

Fjórir nemendur segja að besta leiðin sé að senda pósta.

Fjórir segjast ekki vita hver er besta leiðin.

Tveir nemendur nefndu Facebook.


Tveir stungu upp á að hafa sér síðu þar sem allt er birt um alla viðburði hjá félögunum.

Einn segir að best sé að kynna í Gryfjunni.

Einn nemandi nefndi á Snapchat.


Einn nefndi á vef skólans.

Aldur svarenda:



Maður á aldrei að segja aldrei.

Kyn svarenda:



Ekki eru allir Jónar jafnir.